

Reglur um sorphirðu og umgengni við sorphílát.

Það er losuð ein 240 lítra tunna eða tvær 120 lítra tunnur undir úrgang til urðunar frá hverju heimili á sorphirðudögum þar sem tunnulosun er. Pokar og annar úrgangur sem settur hefur verið við tunnurnar er ekki tekin.

Það er bannað að setja endurvinnanlegan úrgang í sorptunnurnar og önnur ílát sem ætluð eru fyrir úrgang til urðunar.

Lokaði gámurinn á Skeiðinu á Hólmavík og gámarnir við Klifið og höfnina á Drangnesi eru undir úrgang til urðunar.

Það er bannað að setja timbur málm eða annan endurvinnanlegan úrgang í þá.

Sorphílát skulu vera staðsett götumegin við hús. Vilji húseigendur staðsetja tunnur sínar annarsstaðar verða þeir að koma þeim fram fyrir hús sín á sorphirðudögum. (Sjá sorphirðudagatal)
Annars verður litið svo á að ekki þurfi að losa ílátið.

Sorphílát mega ekki vera fest með bandi. Ílát sem eru bundin föst verða ekki losuð.

Aðgengi að sorphílátum skal vera gott. Aðgengi getur ekki talist gott ef ílát eru króuð af með garðslöngum, reiðhjólum,snjóþotum, sleðum, bílum eða einhverju öðru.

Við viljum benda húseigendum á að hreinsa snjó frá sorphílátum.

Við lítum svo á að sé ekki hreinsað frá ílátum og mögulegt með góðu móti að kom þeim að bílnum á sorphirðudegi þurfi ekki að losa ílátið.

Sorpsamlag Strandasýslu